



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Rögnvaldur Guðmundsson
Ólafsdalsfélagið

Stykkishólmur, 15. júní 2022
MÍ202205-0078/ 6.09 / M.A.S.

Minjavörður Vesturlands
Hafnargata 3 340
Stykkishólmur (354) 570 13
12 (354) 895 18 80
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Efni: Ólafsdalsfélagið. Skógræktaráform í Ólafsdal - erindi til Minjastofnunar

Með bréfi, dagsettu 15. júní 2022, óskaði Ólafsdalsfélagið eftir álti Minjastofnunar Íslands á fyrirhuguðum skógræktaráformum Minjaverndar í Ólafsdal, sbr. deiliskipulagstillögu sem birt er í greinargerð frá 18. mars síðastliðnum, en markmið deiliskipulagsins er verndun og viðhald menningarlandslags í Ólafsdal og uppbygging menningartengdrar ferðaþjónustu.

Ólafsdalsfélagið telur að skógrækt eigi alls ekki heima í Ólafsdal, sem er órofa menningarlandslagsheild með mikið gildi í sjálfu sér og einstök á landsvísu.

Í 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 er kveðið á um að búsetulandslag teljist til fornleifa og sé þar með friðað, þótt því ákvæði hafi sjaldan eða aldrei verið beitt.

Í athugasemdum með lögnum frá 2012 kemur fram að menningar- og búsetulandslagi væri bætt við upptalningu fornminja til að undirstrika mikilvægi þess að vernda minjaheildir og blandaðar minjar en ekki einungis stakar minjar og til að uppfylla samning Evrópuráðsins um verndun menningarlandslags frá árinu 2000.

Árið 2018 kom út fornleifaskráning yfir Ólafsdal þar sem öll jörðin var skráð. (Birna Lárusdóttir 2018. *Fornleifar í Ólafsdal við Gilsfjörð. Fornleifaskráning með Landsháttaskráningu.* Fornleifastofnun Íslands FS708-16132). Ein aðalniðurstaða rannsóknarinnar er sú að Ólafsdalur í heild sinni er einstakur minjastaður. Þar kemur margt til. Minjar frá tíð búnaðarskólans eru ótrúlega vel varðveisittar og ber allur dalurinn þess merki að þar var ekki stundaður venjulegur búskapur. Túnið var t.d. miklu stærra en hefði mátt vænta fyrir jörð af þessari stærðargráðu í upphafi 20. aldar eða 18,6 hektarar. Annað sem er til marks um sérstöðu Ólafsdals er sú staðreynd að minjastaðir eru almennt bæði fleiri og mun meiri að umfangi en á bæjum þar sem hefðbundinn búskapur var stundaður.

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður
magnus@minjastofnun.is

Ólafsdalur er vel til þess fallinn að greina bæði einkenni og verðmæti landslags og áhrif framkvæmda á það af ýmsum ástæðum: Hann er vel afmarkaður, þar er mikill fjöldi minja sem flestar eru frá sama tímaskeiði, varðveisla er frábær og minjar þekja samfelld svæði, gróðurfar hefur lítið breyst frá tíð búnaðarskólans. Síðast en ekki síst eru hin metnaðarfullu áform, sem snúast bæði um endurgerð húsa og viðhald menningarlandslags.

Áætlað er að hefja skógrækt á rúmlega 11. ha svæði innan girðingar og um 42. ha svæði utan girðingar.

Egill Erlendsson hjá Líf- og umhverfisvísindastofnun Háskóla Íslands vann fornumhverfisrannsókn við skálarústina í Ólafsdal. (Egill Erlendsson, 2020. *Fornumhverfisrannsókn við skálarúst í Ólafsdal. Skýrsla unnin fyrir Minjavernd*. Háskóli Íslands, líf- og umhverfisvísindadeild). Meginniðurstaða rannsóknarinnar er að ólíkt því sem víðast gerist, benda frjógögnin ekki til þess að birkiskógar eða -kjarr hafi verið sérstaklega ráðandi á svæðinu, birkiskógar eða -kjarr virðist ekki hafa verið afgerandi hluti gróðurs við rannsóknarstaðinn. Eru leiddar að því líkur að hinn voti jarðvegur mýrarinnar hafi þar áhrif, en hann hentar birki ekki vel. Höfundur rannsóknarinnar leiðir að því líkum að rannsóknarsvæðið, skóglæst eða skóglítið og fremur umfangsmiklar mýrar, hafi verið kjörið fyrir fyrstu búsetu. Ekki þurfti að ryðja skóg, heldur bauð umhverfið upp á opin beitar- og slægjulönd.

Minjastofnun Íslands telur að undanfarnar rannsóknir benda eindregið til þess að ekki hafi verið skógar í Ólafsdal fyrr á tínum og skógrækt eigi alls ekki heima í því menningarlandslagi sem þar er.

Í Ólafsdal er að finna einstakt og mjög vel varðveitt menningarlandslag sem skógrækt, í hvaða mynd sem er, myndi hafa afgerandi áhrif á. Sérstöðu Ólafsdals ber að varðveita, og þá sérstaklega menningarlandslagið sem hefur varðveist vel í gegnum tíðina.

Virðingarfyllst,



Magnús A Sigurðsson
Minjavörður Vesturlands

Afrit sent: Rögnvaldi Guðmundssyni rognvaldur@rrf.is

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvæðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sómu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili málს óskad eftir skriflegum rökstudiðgi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi tilkumur rökstudiðgingur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstudiðning fyrir ákvörðun skal berá fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.